

GJALDSKRÁ

um sorpgjald í Seltjarnarneskaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar er heimilt að leggja á sorphirðugjald til að standa undir kostnaði af sorphirðu í bænum.

2. gr.

Bæjarstjórn er ábyrg fyrir reglubundinni tæmingu og flutningi heimilisúrgangs frá öllum íbúum á viðkomandi svæði.

3. gr.

Gjald um meðhöndlun úrgangs er fast gjald á hverja fasteignareiningu. Innifalið í því gjaldi er eitt sorphlát, sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

4. gr.

Árlegt sorphirðugjald skal vera kr. 15.400 á hverja fasteignareiningu/tunnu.

5. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Seltjarnarneskaupstaðar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Grundvöllur sorphirðugjalds er að þjónusta sé veitt þar sem sorp fellur til. Ekki er grundvöllur fyrir álagningu sorphirðugjalds á rekstrareiningu sé búseta ekki til staðar.

7. gr.

Heimili sem óska eftir aukasorphláti skulu beina ósk þar að lútandi til þjónustumiðstöðvar bæjarins. Fyrir hvert aukasorphlát er innheimt fyrirfram gjald skv. 4. gr.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnir með síðari breytingum.

Seltjarnarnesi, 30. desember 2009.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.